



SKÝRSLA STARFSHÓPS UM LEIKSKÓLAMÁL

SVEITARFÉLAGI HORNAFJÖRÐUR

1. febrúar 2024

Skýrsla starfshóps um leikskólamál

Á fundi bæjarráðs 11. júlí 2023 var óskað eftir því að fræðslu- og frístundanevnd tæki til umræðu hugmyndir um samráðshóp um aðgerðir í leikskólamálum. Á fundi í fræðslunefnd 15. ágúst lagði starfsmaður nefndarinnar fram minnisblað vegna samráðshópsins þar sem var farið yfir verksvið hópsins og í framhaldinu var skipaður starfshópur. Fulltrúar hans voru:

- Þóra Björg Gísladóttir f.h. sjálfstæðisflokks
- Kristján Einarsson f.h. keð
- Gunnhildur Imsland f.h. framsóknarflokks
- Kolbrún Rós Björgvinsdóttir f.h. foreldra
- Marianna Jónsdóttir f.h. stjórnenda á leikskólanum
- Svava Kristín Þorsteinsdóttir f.h. starfsmanna á leikskólanum
- Starfsmaður hópsins var Þórgunnur Torfadóttir

Samhliða stofnun starfshópsins var sett á laggirnar leikskólaráð í leikskólanum en í því voru allir deildarstjórnar og leikskólalastjórnendur auk fræðslustjóra.

Verkefni starfshópsins var að skoða stefnu sveitarfélagsins í málefnum leikskólans almennt með menntastefnu Hornafjarðar til hliðsjónar. Horft var sérstaklega til þátta sem snúa að aðbúnaði og kjörum starfsmanna sem geti auðveldað þann mönnunarvanda sem leikskólinn stendur iðulega frammi fyrir. Auk þess skal horft til þess hvernig megi efla menntunarstig starfsmanna og styrkja þannig leikskólalastarfið. Verkefni leikskólaráðs var fremur að horfa til innra skipulags og starfshátta á leikskólanum sjálfum. Ákveðið flæði var á milli hópanna en þeir störfuðu þó að öllu leyti sjálfstætt.

Starfi beggja hópa á að ljúka 1. febrúar 2024. Í leikskólaráði er búið að draga saman helstu áhersluatriði og hér kemur skýrsla starfshóps um leikskólamál.

Markmiðið með þessari skýrslu er að vera leiðbeinandi fyrir sveitarstjórn og auðvelda ákvarðanatöku. Lögð hefur verið áhersla á að ná breiðri samstöðu í starfshópnum, leikskólaráði, foreldraráði og fræðslu- og frístundanevnd um forgangsröðun aðgerða og vonandi ná þær að fanga skoðanir flestra íbúa er málið varðar.

Til að byrja með voru aðgerðir sem fram komu og starfshópnum fannst mikilvægt að vinna með áfram settar upp í töflu. Undir hverri aðgerð er farið yfir stöðuna eins og hún er í dag hjá okkur, reynt að nálgast upplýsingar um það hvernig staðan er hjá öðrum sveitarfélögum, hvaða tækifæri við höfum til breytinga hjá okkur og að lokum hver framtíðarsýn hópsins er. Þessar aðgerðir eru flokkaðar eftir málefnum sem snúa mest að;

- Foreldrum
- Starfsmönnum og stjórnendum
- Sveitarfélaginu

Stundum er sama aðgerðin talin upp í fleirum en einum flokk því aðgerðin snýr ekki endilega eins að t.d. foreldrum og sveitarfélaginu.

Í lokin eru allar aðgerðir taldar upp sem starfshópurinn taldi að gætu skipt máli fyrir leikskólalastarfið og hægt er að vinna áfram með á næstu árum.

Aftast kemur tafla með kostnaðarmati sem er mikilvægt að hafa í ákvarðanatöku.

Forgangsröðun aðgerða

Starfshópurinn hefur skipt aðgerðum í fjögur svið eftir markmiðum. Sviðunum er ekki forgangsraðað og mikilvægt að horfa til þess að hægt sé að grípa til aðgerða á öllum sviðum um leið. Innan hvers sviðs er aðgerðum þó forgangsraðað. Allar miða aðgerðirnar að því til að bæta aðbúnað og kjör starfsmanna á leikskólanum. Sumar til skemmri tíma en aðrar til lengri. Aðgerðunum er öllum ætlað að draga úr þeim mönnunarvanda sem leikskólinn stendur fyrir og styðja við starfsþróun þess hóps sem þar starfar.

Á hverju sviði er fyrst talin upp sú aðgerð (a) sem talin er mikilvægust á hverju sviði fyrir og síðan koma aðrar aðgerðir (b,c...) sem styðja við sama markmið. Hægt er að grípa til allra aðgerðanna, skipta þeim á tímabil, eða forgangsraða allt eftir því hvað sveitarfélagið telur sér fært eða er reiðubúið að gera.

1. Svið. Aðgerðir sem snúa að fjölgun starfsfólks og að draga úr álagi. Starfshópurinn leggur áherslu á að það sé a.m.k. tímabundið gefið leyfi til að fjölga starfsfólki.
 - a. Ráða starfsfólk sem léttir á álagi hjá öllu starfsfólki. Þessi ráðning kæmi til móts við hverskonar afleysingar, stuðning við nýtt starfsfólk, stuðning við íslenskunám starfsfólks o.s.frv. Hér er um tvær stöður að ræða, annarsvegar almenna stöðu og hinsvegar þriðja stjórnandann. Ath. Hægt væri að líta á aðra stöðuna sem “gratis” stöðu, þ.e. starfsmann sem ráðinn er inn aukalega vegna ákveðinna aðstæðna t.d. fjölda nýrra starfsmanna o.s.frv.
 - b. Leyfa tímabundnar ráðningar á fólki í hlutastörf sem gætu létt undir faglega starfið.
 - c. Hækkun á foreldragreiðslum. Færri yngri börn á leikskólanum léttir á starfsfólki leikskólans.
2. Svið. Aðgerðir sem snúa að því að efla menntun starfsmanna.
 - a. Reyna hvað hægt er til að fá fleiri í leikskólakennaranám og auglýsa styrkinn til þeirra.
 - b. Þjóða öðrum sem eru í háskólanámi sem nýtist í leikskóla að sækja um þann styrk.
 - c. Auglýsa leikskólalíðanámi og benda þeim sem í það fara á styrki hjá stéttarfélagi sem hægt er fá í náminu.
3. Svið. Aðgerðir sem miða að því að vera stuðningur og hvatning til starfsþróunar
 - a. Starfsmannafundur færir og verði milli 8 og 9 á morgnana einu sinni í mánuði. Leikskólinn opnar því kl. 9 þessa morgna. Tilraun í eitt ár og sjá til hvernig til tekst. (Starfsmenn hafa áhyggjur af því að klukkutími sé e.t.v. ekki nóg en eru reiðubúnir að gera tilraun með það).
 - b. Einum skipulagsdegi bætt við næsta árið sem yrði tveir hálfir dagar.
 - c. Sveitarfélagið styðji við íslenskunám starfsfólks af erlendum uppruna sem starfar hjá sveitarfélaginu. Mikilvægt að stofnanir hvetji starfsmenn af erlendum uppruna sem þess þurfa að fara í íslenskunám. Að stofnanir setji sér tungumálastefnu sem felur m.a. í sér að þær styðji við íslenskunám starfsmanna (æfingin) en geri líka kröfu um framfarir. Þetta er mikilvægt atriði sem þarf að þróa.
 - d. Hvetja stjórnendur til að vera leiðandi í starfsþróun bæði fyrir sig og aðra starfsmenn.

4. Svið. Aðgerðir sem snúa að starfsmönnum og gætu bætt kjör þeirra án þess að farið sé inn á valdsvið kjarasamninga.
 - a. Fatastyrkur til starfsfólks leikskólans. T.d. 50.000 kr á ári til allra starfsmanna (Gjafabréf í ákveðnar búðir).
 - b. Frítt í sund fyrir starfsfólk sveitarfélagsins.
 - c. Hækka heilsueflingarstyrk starfsmanna sveitarfélagsins.

Leikskólamáli	Staðan á Hornafirði	Staðan annarsstaðar	Hvaða möguleika höfum við til að bregðast við í náinni framtíð	Framtíðarsýn
Foreldrar				
Hvenær geta börn byrjað	Fer eftir mönnun. 1. des eru 6 börn á biðlista eftir leikskóla sem eru orðin eins árs. Þau hafa ekki öll sóst eftir að komast til dagforeldris. Síðasta vetur komust öll börn að við eins árs aldur allt fram í byrjun mars á þessu ári.	Mjög misjafnt hvernig staðan er. Flestir stefna á að börn komist að um 12 mánaða aldur en allur gangur er á því hvort það tekst. T.a.m. voru foreldragreiðslur/heimagreiðslur í N-Þingi hækkaðar í 150.000 kr síðast haust til að koma tímabundið til móts við marga foreldra sem ekki komum börnum sínum á leikskóla. Á Höfuðborgar-svæðinu er algengast að börn séu nær tveggja ára aldri þegar þau komast inn.	Við erum að stækka leikskólann og ef allar áætlanir ganga eftir þá verður hann tilbúinn um áramót 2024-25. Þá ættu öll börn að komast að (takist að manna) þar til barnafjöldinn verður kominn í 150-160 börn.	Að allir foreldrar sem þess óska geti komið börnum sínum að á leikskóla við 12 -18 mánaða aldur. Að fæðingarorlof verði lengt í 18 mánuði með hag barna í huga.
Foreldragreiðslur	Þær eru 70.000 kr. núna.	Hæstar í Norður-Þingi 150.000 kr. Í Kópavogi 107.000 kr.	Gætum hækkað heimagreiðslur 12-18 mánaða til að minnka eftirspurn eftir leikskólaplássi hjá yngstu börnunum en það er sá hópur sem er þyngstur og þarf flesta starfsmenn.	Að allir foreldrar sem þess óska geti komið börnum sínum að á leikskóla við 12 -18 mánaða aldur. Að fæðingarorlof verði lengt í 18 mánuði.
Dagforeldri	Eitt dagforeldri. Það var ekkert barn hjá því fyrr en undir vor. Um áramót verða þrjú börn þar og það verður orðið fullt hjá henni í febrúar árs.	Misjafnt, skortur á dagforeldrum á Höfuðborgarsvæðinu.	Dagforeldri væru fyrst og fremst með yngri börn og þá frá foreldrum sem kjósa að fara fyrr út á vinnumarkaðinn eða þurfa þess einhverra hluta vegna.	Allir foreldra geti verið vissir um að koma barni sínu að í dagvistun þegar þeir þurfa á því að halda.

Leikskólamál	Staðan á Hornafirði	Staðan annarsstaðar	Hvaða möguleika höfum við til að bregðast við í náinni framtíð	Framtíðarsýn
Leikskólagjöld	<p>Leikskólagjöld í sveitarfélaginu hafa verið í lægri kantinum – sem % af meðaltali vorum við í 85% árið 2021.</p> <p>Rekstrarkostnaður sem hlutfall af skatttekjum var 13% hér árið 2022. (ath. í þessum tölum er Lambhagi í Öræfum talinn með)</p>	<p>Hlutfall leikskólagjalda af rekstrarkostnaði leikskólans er hér 9 % en vegið meðaltal á landinu er 10%</p> <p>Rekstrarkostnaður sem hlutfall af skatttekjum var að meðaltali 17 % á landinu 2022.</p> <p>Í sumum löndum er frítt síðasta árið. Einnig er á sumum stöðum dýrara að hafa yngstu börnin á leikskóla.</p>	<p>Það fer eftir því hvort það er eftirsóknarvert að lækka leikskólagjöld eða hvort fólk vill nota leikskólagjöldin sem stýringartæki t.d. yfir það hversu lengi börnin eru á leikskóla.</p> <p>Spurning hvort það sé vilji fyrir því að síðasta árið verði frítt og einungis greitt fyrir fæði?</p>	?
Forgangur að leikskólanum	<p>Börn með fötlun og skal þá greining vera í ferli eða henni lokið. Langveik börn eða börn sem búa við alvarleg veikindi eða fötlun hjá fjölskyldumeðlim. Vottorð frá lækni eða öðrum þar til bærum aðilum skal fylgja umsókn. Börn sem búa við erfiðleika í félagsumhverfi og skal þá fylgja staðfesting frá félagsmálayfirvöldum. Börn foreldra sem eru undir lögaldri (18 ára). Börn starfsmanna viðkomandi leikskóla svo framarlega sem foreldrar séu í skilum við sveitarfélagið sbr. skilyrði fyrir leikskóladvöl.</p>	<p>Frekar líkar reglur.</p> <p>Sumir hafa 5 ára börn í forgangi.</p> <p>Þau eru það hér þrátt fyrir að það standi ekki í reglunum en vissulega mætti setja það inn.</p>	<p>Í starfshópnum komu ekki fram óskir um fleiri forgangsreglur.</p>	<p>Að öll börn sem þurfa að komast á leikskóla komist að þegar þau þurfa.</p>

Leikskólamáal	Staðan á Hornafirði	Staðan annarsstaðar	Hvaða möguleika höfum við til að bregðast við í náinni framtíð	Framtíðarsýn
Starfsfólk og stjórnun				
Mönnun á leikskóla	Mikil starfsmannavelta um 20% á þessu ári. 8- 10 starfsmenn nýir á þessu ári og fáir sem hafa verið lengur en 5 ár. Fáar umsóknir almennt. Þær umsóknir sem koma frá Íslendingum eru flestar frá ungu fólki með litla sem enga reynslu og ætla að stoppa stutt. Erlenda fólkið er almennt þroskaðra og oft með meiri reynslu. (Meðalaldur ísl. eru 30,8 en 31,55 hjá fólki af erlendum uppruna. Ef þrír elstu ísl. starfsmenn á deildum eru teknir út úr menginu lækkar meðalaldur ísl. starfsmannanna í rúm 26 ár.)	Almennt gengur illa að manna leikskóla en þó eru til leikskólar þar sem mönnun er góð og fólk er búið að vinna lengi. Þar er starfsánægjan líka almennt meiri.	Tala starfið upp innan frá. Reyna að fá meira af menntuðu fólki. Styðja við starfsfólkið bæði í starfsþróun en líka í daglegu starfi. Styðja við allt sem eflir starfsandann. Deila góðum fréttum. Það er fullt af góðum hlutum í gangi á leikskólanum.	Að leikskólinn sé eftirsóknarverður vinnustaður og alltaf nægar umsóknir.
Menntunarstig	Hlutfall leikskólakennara var 17% árið 2022. Flótti menntaðra starfsmanna yfir í grunnskólann	Meðaltalið menntaðra leikskólakennara á landinu var 25% árið 2022. Hæst var það 52% í Grímsnes og Grafningshreppi, 46 % í Hörgársveit og 43% hjá Akureyrarbæ. Í Fjarðarbyggð var 18% starfsmanna með leikskólakennaramenntun og 24% í Múlaþingi	Hvetja ungt fólk til að mennta sig í faginu. Auglýsa meira fyrir ungu fólki hvað leikskólakennarastarfið hefur upp á að bjóða. Tala leikskólakennarastarfið upp. Styðja vel við þá sem velja að mennta sig í leikskólakennarafræðum og skoða hvort hægt sé að styðja betur við aðra sem mennta sig í fögum sem nýtast vel á leikskóla.	Að fjölga fagmenntuðu starfsfólki á leikskóla.

Leikskólamál	Staðan á Hornafirði	Staðan annarsstaðar	Hvaða möguleika höfum við til að bregðast við í náinni framtíð	Framtíðarsýn
<p>Starfsfólk sem ekki hefur íslensku að móðurmáli – hlutfall.</p> <p>Lög um leikskóla 90/2008 2.gr Markmið; liður b. segir „að veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku“,</p>	<p>39 % starfsmanna sem hafa ekki íslensku sem móðurmál á Sjónarhól – 50% í Lambhaga. Um 46% starfsmanna á deildum hafa ekki íslensku að móðurmáli Sjónarhól.</p> <p>Taka verður fram að það er ekki bara neikvætt að hafa erlent starfsfólk. Það getur kannski ekki kennt börnum íslensku, a.m.k. ekki þau sem eru nýkomin en þau geta kennt margt annað sem skiptir máli. Oftast er þetta fært starfsfólk jafnvel með háskólamenntun og því mikilvægt að halda í það. Eins og allir aðrir starfsmenn þá verða þeir dýrmætari þegar þeir hafa unnið lengur og eru komnir með reynslu. Hins vegar verður líka að segjast að það getur verið snúið í starfsmannahópnum þegar fólk skilur eiginlega ekki íslensku og það er líka erfitt fyrir börnin. Þess vegna gæti verið mikilvægt að setja skilyrði fyrir íslenskufærni starfsmanna. Rétt að geta þess að talmeinafræðingur hefur</p>	<p>Við erum sennilega með því allra mesta á landinu.</p> <p>Þess má geta að staðan hefur breyst mjög hratt hér. Fyrir ca. 10 árum var enginn eða mjög fáir starfsmenn á leikskóla af erlendum uppruna.</p>	<p>Að það sé þak á því hve margir vinna á hverri deild sem tala ekki góða íslensku.</p> <p>Við ráðum helst ekki fólk nema það hafi grunn í íslensku. Við ættum að sjá til þess að það starfsfólk með annað móðurmál sem er við störf hafi tök á góðri íslenskukennslu. Að fylgja því eftir að starfsfólk sem ekki hefur góðan grunn í íslensku sýni framfarir í íslensku.</p> <p>Auka fræðslu til foreldra um forspárgildi málþroska ungra barna fyrir námsfærni þeirra og hvers konar málörvun skilar bestum árangri.</p> <p>Í leikskóla þarf að vinna með hljóð tungumálsins, orðaforða, hlustunarskilning og tjáningarfærni, sem saman leggja grunn að þróun læsisfærni barna á grunnskólaárum.</p> <p>Gefa leyfi til að ráða inn íslenskumælandi einstaklinga 1-2</p>	<p>Að á leikskólum vinni hæft starfsfólk af öllum kynjum, með öll trúarbrögð og ólíkan uppruna en starfið sé framúrskarandi.</p>

Leikskólamáli	Staðan á Hornafirði	Staðan annarsstaðar	Hvaða möguleika höfum við til að bregðast við í náinni framtíð	Framtíðarsýn
	sérstaklega hrósað starfinu á leikskólanum þó hann hafi líka áhyggjur af tungumálaumhverfinu		sem stoppa stutt sem stuðning við nýja starfmenn. Til styrkingar við íslenskuna.	
Starfsfólk sem ekki hefur íslensku að móðurmáli - viðbrögð	Tungumálastefna á leikskólanum. Lögð áhersla á að starfsfólk af erlendum uppruna sýni framfarir í íslensku. Íslenskuþorpið í vinnslu. Börn á leikskóla eru á máltökuskeiði og mikilvægt að þau fái mikla mikla æfingu í hverskonar tjáskiptum og samskiptum almennt. Að þau hafi gott íslenskt málumhverfi og sérstaklega mikilvægt fyrir börn sem tala ekki íslensku að hafa tæk á að vera í íslensku málumhverfi á leikskóla. Halda áfram því góða málörvunarstarfi sem verið hefur.	Flestir reyna að hafa einhver takmörk á því hve margir eru af erlendum uppruna.	Efla íslenskukennslu fyrir fólk af erlendum uppruna. Gætum sett kvóta yfir það hvað margir af erlendum uppruna geta unnið í leikskólanum. Ath. hvernig rýmar það við mannréttindastefnu. Etv. Væri betra að veita foreldrum meiri fræðslu um mikilvægi máluppeldis.	Að á leikskólum vinni hæft starfsfólk af öllum kynjum, með öll trúarbrögð og ólíkan uppruna en starfið sé framúrskarandi.
Mannekla	Eitt allra stærsta umkvörtunarefni starfsmanna á leikskólanum er mannekla – að það vanti fólk í vinnu. Á einu ári frá nóv. 2022-nóv. 2023 voru meðal fjarvistardagar á	Almennt er mikið kvartað undan manneklu á leikskólum. Í Kópavogi voru t.d. 39 veikindadagar á hvern starfsmann í leikskólum í skammtímevikindi árið 2022.	Fá að ráða aðeins fleiri starfsmenn. Kynna betur reglur um hvenær deildum er lokað. Efla andann inna húss gagnvart því að lána fólk milli deilda.	Að á leikskólanum sé alltaf næg mönnun af hæfu starfsfólki.

Leikskólamátl	Staðan á Hornafirði	Staðan annarsstaðar	Hvaða möguleika höfum við til að bregðast við í náinni framtíð	Framtíðarsýn
	leikskólanum fyrir utan langtímaveikindi 18.9 á hvern starfsmann. (48.2 með langtímaveikindum) Til samanburðar voru meðalfjöldi sömu fjarvista í Grunnskóla Hornafjarðar 11,8. (27 með langtímaveikindum) Munurinn rúmir 7 dagar.	(Skammtímaveikindi í leikskólanum Sjórnarhól voru 10,8 dagar síðasta árið.)		
Viðbrögð við styttingu vinnuvikunnar	Teknir upp skráningardagar. Styttingu safnað í tímabanka. Hér var reynt að fara leið sem hentaði samfélaginu hér þ.e. að fólki er leyft að taka fríin í heilum dögum og safna þeim saman. Almenn má segja að fólk sé mikið að FARA og því vildi fólk frekar safna upp dögum en taka út styttingu vikulega. Þó má færa rök fyrir því að vikuleg stytting létti meira á fólki.	Margar ólíkar leiðir á útfærslu og margir að gera svipað og við. Auk þess hafa t.d. Akureyri og Kópavogur tekið upp 6 tíma gjaldfrjálsan leikskóla en umframtímar dýrari. Í Hafnarfirði stendur líka til að hafa 6 tíma gjaldfrjálsan leikskóla en 8 tímarnir verði ekki dýrari en þeir eru núna.	Mikilvægt að fylgjast vel með hvernig tekst til með þessa skráningardaga. Síðan má skoða að fara t.d. leiðir sem aðrir eru að fara en þá væri gott ef það væri búið að setja þessar leiðir í jafnréttismat. Svo er hægt að loka leikskólanum oftar, t.d. lengja sumarfríð og loka milli jóla og nýárs því það eiga líka allir inni 10 sumarfrisdaga eftir sumarlokun.	Að stytting vinnuvikunnar auki ekki álag á starfsmönnum. Að styttingin stuðli að betri líðan í vinnunni og geri hana eftirsóknarverða.
Móttaka nýrra starfsmanna.	Það er til starfsmannahandbók þar sem er móttökuáætlun. (Gæti verið gott að þýða mikilvæg atriði yfir á ensku). Reynt að fylgja nýjum starfsmönnum eftir en það tekur tíma að setja sig inn í nýtt starf og það þarf að fylgja nýjum	Móttökuáætlun á flestum vinnustöðum.	Það stendur til að setja saman gátlista frá launadeildinni en mikilvægt að hver starfsstöð bæti svo sérstökum atriðum sem varða bara þann vinnustað. Á flestum vinnustöðum ætti móttökuáætlun þó að vera í meginatriðum eins.	Að allir starfsmenn sem byrja í leikskólanum upplifi að það sé vel tekið á móti þeim og þeir fái aðstoð við að komast inn í starfið.

Leikskólamál	Staðan á Hornafirði	Staðan annarsstaðar	Hvaða möguleika höfum við til að bregðast við í náinni framtíð	Framtíðarsýn
	starfsmönnum eftir í lengri tíma.		Fylgja nýju fólki lengur eftir.	
Starfsandinn.	Starfsmannapúlsinn hefur sýnt að starfsandinn er ekki góður. Mikið kvartað undan manneklum, starfsmannaveltu og að skilaboð séu ekki nægilega skýr.	Í Starfsmannapúlsinum kemur fram að hann er almennt betri á öðrum leikskólum.	Vinna með þau lykilatriði sem fram koma í starfsmannapúlsinum og styðja við góðan starfsanda. Sú vinna er á herðum stjórnenda og starfsfólks sjálfs. Mikilvægt að fólk viti til hvers er ætlast af því í vinnu. Hvert það á að leita þegar leysa þarf mál. Hvað eru góðar samskiptavenjur og hvað ekki og ýmislegt fleira. Fylgja eftir viðverustefnu sveitarfélagsins þegar þörf er á. Á vordögum er fyrirhugað námskeið á vegum vinnueftirlitsins og KÍ. Vinna leikskólaráðs mikilvæg. Þurfum að vera opin fyrir því hvort setja þurfi inn meiri ráðgjöf í leikskólann.	Að leikskólinn sé eftirsóknarverður vinnustaður og alltaf nægar umsóknir.
Starfsþróun innan skólans	Styðja við starfsþróun allra starfsmanna innan þess ramma sem skólinn hefur. Prófa að hafa hálf skipulagsdaga í stað þess að hafa þá alla heila. Þeir gætu nýst betur.	Skipulag á starfsdögum er allskonar, bæði hálfir og heilir dagar. Þá eru starfsmannafundir í sumum leikskólum milli 8 og 10 á morgnanna einu sinni í mánuði í stað þess að hafa þá milli 16 og 18 eins og er hér.	Skoða sem flestar leiðir sem styðja við starfsþróun og efla leikskólann. Það væri hægt að prófa að hafa hálf daga og jafnvel að skoða hvernig væri að hafa starfsmannafundi á morgnanna.	Starfsþróun er mjög mikilvæg til að styðja við góðan starfsanda og gott skólastarf og oftast fara þessir tveir hlutir saman.

Leikskólamáli	Staðan á Hornafirði	Staðan annarsstaðar	Hvaða möguleika höfum við til að bregðast við í náinni framtíð	Framtíðarsýn
	Sækja um í þróunarverkefni á vegum Vinnueftirlitsins, Sambandsins og KÍ.			
Stjórnun	Töluverð gagnrýni hefur verið á stjórnun í leikskólanum. Sameiningin var erfið eins og flestar sameiningar en nú eru sex ár síðan hún gekk í gegn og mikilvægt að komast á lygnan sjó.	Eins misjafnt og vinnustaðir eru margir en stjórnendur hafa gríðarlega mikið að segja gagnvart starfsanda, skipulagi og starfsánægju.	Veita stjórnendum þá ráðgjöf sem þeir þurfa. Skoða hvort auka þurfi stjórnunarkvótann.	Að stjórnun leikskólans sé framúrskarandi og starfsandinn þar til fyrirmyndar.

Atriðið sem sveitarstjórn getur haft bein áhrif á				
Skráningardagar	Vinna með skráningardaga hafin, ekki komið í ljós hvernig hún tekst.	Flestir bara að innleiða þetta núna.	Getum fjölgað þeim eða sleppt þeim. Getum gert þá dýrari. Getum fækkað þeim og haft frí í staðinn á sumum þeirra. Sjá til eftir árið og ákveða hvernig þetta kemur út.	Að samvera fjölskyldunnar aukist.
Stytting vinnuvikunnar	Ákveðið að fara í fulla styttingu vinnuvikunnar haustið 2023 til að bæta starfsumhverfi í leikskólanum. Draga úr fjarvistum og minnka veikindi. Allir starfsmenn fá fulla styttingu og sömu reglur gilda fyrir alla.	Flest sveitarfélög hafa tekið upp fulla styttingu vinnuvikunnar.	Mikilvægt að vinna að því að styttingin bæti raunverulega starfsaðstæður. Fylgjast með t.d. fjarvistum, veikindum og launalausum leyfum.	Að starfsfólki líði vel á vinnustaðnum og að hann sé eftirsóknarverður vinnustaður.
Viðbrögð við auknum undirbúningi	Búið að setja inn tvö auka stöðugildi til að koma til móts við aukinn undirbúning.	Á Akureyri var t.d. bætt við tveimur stöðugildum í alla leikskóla bæjarins.	Næg mönnun er lykilatriði. Það þarf líka að rannsaka hvað er verið að gera í undirbúningnum. Fylgjast með hvað kemur út úr samstarfi Hafnarfjarðarbæjar og Menntavísindasviðs.	Mikilvægt að starfsmenn komist í undirbúning en líka mikilvægt að sá undirbúningur skili sér í bættu starfi.
Stuðningur við menntun	Starfsfólk getur verið í 90% vinnu en á fullum launum í BA og MA námi í leikskólakennara. Á launum í námslotum og prófum og í 4 vikur á fullum launum vegna mastersverkefnis.	Hlutfall leikskólakennara var að meðaltali 25% af starfsmannahópnum 2022. Flestir gefa sennilega færi á að vera á launum í námslotum.	Auglýsa námið meira. Reyna að auka samstarf við FAS t.a.m. varðandi starfsnám en einnig menntun í uppeldisfræði, leikskólalíða og stuðningsfulltrúa. Hvetja meira af háskólamenntuð starfsfólki til að sækja um vinnu á leikskólanum.	Að vera með miklu fleiri leikskólakennara og meira af menntuðu starfsfólki. Til þess þarf starf leikskólakennarans að verða eftirsóknarvert.

			<p>Styðja forstöðumenn í að efla starfsfólkið sitt og efla starfsandann.</p> <p>Mætti styðja fleiri til mennta en bara þá sem eru að læra leikskólakennarann. Önnur menntun gæti nýst sbr. leikskólaliði – uppeldis og menntunarfræði og ýmis konar háskólanám. Stuðningur til leiksólans væri þá í stöðugildi til að leysa af fólk í námi.</p>	
Fjöldi stjórnenda	Tveir skólastjórnendur, einn sérkennslustjóri og 7 deildarstjórar.	Mjög sambærilegt.	Gætum fjölgað stjórnendum þegar leikskólinn verður 8 deildir. Það myndi vissulega auka svigrúmið til að styðja við starfsfólk og þegar það er svona mikið af nýju starfsfólki og mikið af fólk af erlendum uppruna þá þarf mikinn stuðning.	Að stjórnun leikskólans sé framúrskarandi og starfsandinn þar til fyrirmyndar.
Ytra mat	Ytra mat var síðast 2021 Lögbundið á hendi Sveitarfélagsins að sinna ytra mati. Lög um leikskóla 90/2008	Sambærilegt.	Það væri gott að fá ytra mat reglulega því það er hjálplegt fyrir skólann. Það vantar meiri opinberan stuðning við bæði innra og ytra mat.	Ytra mat komi reglulega í skólann.
Fjölga starfsmönnum almennt.	Árið 2022 vorum við með 3,4 börn á stöðugildi og 3,5 árið áður.	Vegið meðaltal á landinu er 3,3 börn.	Í vor bættust við fleiri starfsmenn svo hlutfallið er sennilega lægra núna. Hins vegar er rétt að benda á að mjög ungt og óreynt starfsfólk og starfsmenn sem hafa ekki gott vald á íslensku gera það að verkum að starfið er	Mikilvægt að starfsfólk upplifi sig ekki að drukkna í vinnu á hverjum degi.

			þyngra og því e.t.v. eðlilegt að fjölga starfsmönnum.	
Þrengsli á deildum og mikið áreiti	Deildir eru litlar og þó mönnun sé í lagi miðað við ráðningar þá eru þrengsli mikil og hávaði og áreiti mikið. (Hér er miðað við 8 börn á hvern starfsmann hjá fimm ára börnum og 4 hjá eins árs börnum.) Ekki mikið af rýmum sem hægt er að skipta börnum niður á í fámenna hópa. Þegar börn eru komin með stuðning þá fjölgar starfsmönnum og þá þrengir líka að á deildum.	Almennt er miðað við sömu barngildi og hér. Almennt kvartað undan miklu áreiti. Stærð á deildum mismunandi.	Við erum að byggja við leikskólann tvær rúmgóðar deildir með stoðrymum. Það verður þó enn þrengra starfsmannarýmið -	Að deildir séu rúmar og vel búnar svo börnum og starfsfólki líði vel.
Starfsmanna- aðstaða	Starfsmannarými þröng og vinnuaðstaða starfsmanna takmörkuð.	Víða talað um þrengsli á leikskólum	Þurfum að skoða hvað hægt er að gera til að bæta starfsmanna aðstöðuna. T.d. komið hugmynd að taka þvottaaðstöðu út og setja prentaðstöðu þar inn og kaupa þvotta.	Að starfsmenn hafi góða vinnuaðstöðu.
Tími sem ætlaður er til starfsþróunar	Leikskólinn hefur sex skipulagsdaga sem ætlaðir eru til starfsþróunar og skipulags á leikskólum. Reynt er að samræma þá við skipulagsdaga í grunnskóla. Starfsfólk hefur ákveðinn tíma á viku til undirbúnings og hluti þess tíma getur farið í starfsþróun.	Fjöldi skipulagsdaga er svipaður milli sveitarfélaga en þó vel þekkt sérstaklega þegar breytingar standa yfir að þeim sé fjölgað.	Mikilvægt að skoða vel hvaða starfsþróun er mikilvæg og hvernig henni verður best við komið. Fá inn starfsfólk sem gæti stutt við starfið t.d. samverustundir (því það vantar meiri íslensku á leikskólann) Hlusta á þarfir starfsmanna. Möguleiki að bæta við einum skipulagsdegi og setja hann á tvo	Að sá tími sem fer í starfsþróun nýtist vel og að á leikskólum sé ánægt starfsfólk sem skilar góðu starfi.

	Skólastjórnendur skipuleggja starfsþróun fyrir allan skólann en svo geta leikskólakennarar (og hugsanlega aðrir) óskað eftir að komast í sérstaka starfþróun.		daga þannig að það verði tveir hálfir dagar.	
Atriði sem gætu bætt starfsandann þar sem sveitarfélagið leggur eitthvað fram.	Á námskeiði um mannauðsmál sem m.a. er búið að fara yfir með deildarstjórum og stjórnendum leikskólans kemur fram að einhverjar ívilnanir auka sjaldnast ánægju, í besta falli geta þær dregið úr óánægju.	Ýmislegt gert og mjög misjafnt eftir sveitarfélögum. Heilsueflingarstyrkir, frítt í sund og ræktina, afsláttur á skíðasvæði, forgangur að leikskóla, fatapeningur, aukagreiðslur o.s.frv.	Fatastyrkur og heilsueflingarstyrkur hefur oft komið til tals hjá starfsmönnum. Þess má geta að sveitarfélagið er heilsueflandi sveitarfélag en eina beina framlag til starfsmanna er 15.000 styrkur árlega. Fá inn ráðgjöf til stjórnenda og starfsfólks vegna mannauðsmála.	Að leikskólar sveitarfélagsins séu eftirsóknarverðir vinnustaðir.
Almenn kjör starfsmanna	Lægstu laun hafa verið að hækka umfram laun menntaðs starfsfólks og munurinn orðinn lítill.	Sama og hér.	Mikilvægt að leggja áherslu á það í kjarasamningum að fólk fái sanngjarna umbun fyrir menntun.	Að launakjör á leikskólum séu með þeim hætti að það sé eftirsóknarvert að vinna þar. Að það sé launahvati að mennta sig.
Húsnæði	Tveir leikskólar. Annar í Hofgarði og hinn á Höfn. Báðir nýir. Í Hofgarði er enn pláss fyrir fleiri börn en leikskólinn á Höfn er fullur en það stendur til að byggja við. Almennur aðbúnaður og leikskólalóðir til fyrirmyndar. Kvartað yfir þrengslum á Höfn.	Allskonar. Á sumum stöðum er skortur á leikskólum, það er gamalt á sumum stöðum og svo eru líka glæsilegar byggingar.	Ljúka þeim byggingum sem fyrirhugaðar eru og sjá svo til hvernig staðan verður en vera reiðubúið í frekari uppbyggingu eftir þörfum.	Að húsnæði leikskóla verði alltaf til fyrirmyndar.

Hvað getur sveitarstjórn gert til að bæta starfsaðstæður á leikskólanum?

Hugmyndir að aðgerðum settar inn í stafrófsröð út frá hugmyndum hér að ofan

- Bjóða upp á fleiri íslenskunámskeið á fjölbreyttari tíma dagsins og hafa þau ódýrari og styðja þannig þá starfsmenn sem eru ekki með íslensku sem móðurmál til að efla færni sína í starfi.
- Bæta við einu stöðugildi vegna meiri undirbúnings, v. fjölda starfsmanna af erlendum uppruna og starfsmannaveltu.
- Bæta við í stoðþjónustu - úr tveimur í þrjá (margir nemendur af erlendum uppruna).
- Efla starfsþróun stjórnenda.
- Endurskoða fjölda á deildum með tilliti til starfsseminnar hverju sinni.
- Fjölga stjórnendum - úr tveimur í þrjá (mikið álag vegna mikillar starfsmannaveltu og margra af erlendum uppruna).
- Heilsueflingarstyrkur til starfsmanna.
- Hvetja fleiri til að læra leikskólakennarann og styðja líka við annarskonar nám sem nýtist á leikskólanum
- Hækka fatapening starfsfólks.
- Hækka heimagreiðslur til foreldra og hafa þær valkvæðar milli 12 og 18 mánaða en eftir 18 mánuði einungis til þeirra sem ekki fá leikskólaláss.
- Leyfa ráðningar á fólki í sveigjanlegar afleysingar og til að styðja við starfið.
- Setja inn einn auka skipulagsdaga á ári sem væru tveir hálfir dagar.
- Setja starfsmannafundi á morgnana þegar ekki eru skipulagsdagar í mánuðinum.
- Veita meiri stuðning við að fá fólk hingað – t.a.m. flutningsstyrkur, aðstoð við að fá húsnæði, hugsanlega að niðurgreiða leigu???
- Vera með skýrari stefnu til þeirra sem leiða samningaviðræður um að kjör leikskólakennara þurfi að bæta.
- Vera tilbúið til að fylgja eftir frekari þróun skráningadaga.

Kostnaðarmat fyrir einstakar aðgerðir

Drög að kostnaðarmati vegna hugmynda starfshóps um leikskólamál					
Talið upp í stafrófsröð					
	Forsendur	Möguleikar	Möguleikar		Kostnaður (áætlun)
<ul style="list-style-type: none"> Bjóða upp á fleiri íslenskunámskeið á fjölbreyttari tíma dagsins og hafa þau ódýrari og styðja þannig þá starfsmenn sem eru ekki með íslensku sem móðurmál til að efla færni sína í starfi. 	Hvert námskeið er 40 kennslustundir. 4 námskeið í gangi og reynt að keyra hvert þeirra a.m.k. tvisvar á ári.	Hægt að fá þjónustuna frá Fræðslunetinu	Hægt að taka námskeiðin sjálf á netinu og nota samfélagið (vinnuna) til æfinga og inngildingar		
<ul style="list-style-type: none"> Bæta við tveimur stöðugildum vegna meiri undirbúnings, v. fjölda starfsmanna af erlendum uppruna og starfsmannaveltu. 	Annað væri "gratis" starfsmaður sem myndi virka svipað og þeir sem koma inn í v. aukins undirbúnings. Hitt væri þriðji stjórnandinn. Með fjölgun nemenda reynir meira á stjórnendur og mikilvægt að efla þá. Spurning hvort betra væri að fjölga þeim eða setja fleiri starfsmenn á gólfíð. Kannski þarf að gera hvortveggja	Það fer eftir menntun og starfsreynslu hvað viðkomandi starfsmaður kostar á ári	Áætluð árslaun eftir störfum m launat. gjöldum Menntaður leikskólakennari nýútskrifaður =12 Almennur starfsmaður á deild =7,4-8,4		24.000.000
<ul style="list-style-type: none"> Efla starfsþróun stjórnenda. 	Stjórnendur eru þeir sem draga vagninn í hverri stofnun fyrir sig og mjög mikilvægt að styðja þá í starfsþróun	Einstaklingsbundin námskeið og handleiðsla	Námskeið fyrir fleiri stjórnendur og stuðningur við stjórnendur í sveitarfélaginu út frá t.d. Hugmyndafræði heiltækrar forystu og UDL		500-1.500.000

<ul style="list-style-type: none"> • Endurskoða fjölda á deildum með tilliti til starfsseminnar hverju sinni. 	<p>Það færi eftir því hvort það þyrftu fleiri börn að vera heima og þá væri um niðurgreiðslu að ræða til dagforeldris eða heimagreiðslu til foreldris.</p>	<p>Ef byggt verður við leikskólann mun verða breyting á fjölda á deildum.</p>			
<ul style="list-style-type: none"> • Heilsueflingarstyrkur til starfsmanna. 	<p>Með heilsueflingarstyrk væri bæði verið að styðja við starfsfólkið en einnig að fylgja eftir stefnumörkun í sveitarfélaginu. Hér er reiknað með 20.000 kr á mann.</p>	<p>Ath. líklegt að heilsueflingarstyrkurinn þurfi að ná til allra starfsmanna sveitarfélagsins.</p>	<p>Gæti verið frítt í sund fyrir alla starfsmenn og hækkun á styrk (heilsueflandi, félagseflandi staður). Gunnar Ingi telur að það gæti verið í kringum 1.000.000 sem aðgangseyrir í sundlaugina myndi lækka ef allir starfsmenn sveitarfélagsins fengju frítt í sund.</p>		4.000.000
<ul style="list-style-type: none"> • Hvetja fleiri til að læra leikskólakennarann og styðja líka við annarskonar nám sem nýtist á leikskólanum 	<p>Mjög mikilvægt að hækka menntunarstigið á leikskólanum</p>	<p>Margskonar menntun nýtist</p>	<p>Það eykur álag á annað starfsfólk þegar margir eru í námi.</p>		

<ul style="list-style-type: none"> Hækka fatapening starfsfólks. 	Starfsmenn leikskóla (og s.s. Grunnskóla líka) upplifa neikvætt álit almennings til þessara stofnana. Það er ljóst að starfsfólk leikskóla þarf að vera mikið úti og því er spurning hvort eingreiðsla í formi fatapenings væri eitthvað sem gæti "glatt" og þyrfti ekki að ganga jafnt yfir alla starfsmenn sveitarfélagsins.		Miðað við að allir starfsmenn fengju t.d. 50.000 einu sinni á ári		2.100.000
<ul style="list-style-type: none"> Hækka heimagreiðslur til foreldra og hafa þær valkvæðar milli 12 og 18 mánaða en eftir 18 mánuði einungis til þeirra sem ekki fá leikskólaláss. 	Ekki víst hve stór hluti foreldra myndi nýta sér þetta. Það færi væntanlega eftir útfærslu og upphæð.	Mikilvægt að horfa á þetta í tengslum við launakostnað	Hér er miðað við 300.000 kr á mánuði í 6 mánuði fyrir 9 börn		16.200.000
<ul style="list-style-type: none"> Leyfa ráðningar á fólki í sveigjanlegar afleysingar og til að styðja við starfið. 	Þetta væri fólk sem kæmi inn tímabundið eða í lítil hlutastörf til að styðja við starfið á viðkvæmum tímum	Gæti verið fólk sem er komið á aldur			3.000.000
<ul style="list-style-type: none"> Setja inn einn auka skipulagsdaga á ári sem væru tveir hálfir dagar. 	Ef til vill þyrfti þetta ekki að vera á hverju ári en gæti komið einu sinni eða hvatning til leikskólans að breyta einum í tvo hálf		þarf ekki að kosta neitt – spurning hvort lækka eigi leikskólagjöld á móti.hefur ekki verið gert		
<ul style="list-style-type: none"> Setja starfsmannafundi á morgnana frá 8-9 einu sinn í mánuði 	Þetta er skerðing á þjónustu en myndi lækka kostnað hjá sveitarfélaginu um allt að sjö milljónir	Í dag eru greiddar 2 klst. á hvern starfsmann í yfirvinnu á mánuði í starfsmannafund.	Gæti valdið pirringi í samfélaginu.		-7.000.000

<ul style="list-style-type: none"> • Veita meiri stuðning við að fá fólk hingað – t.a.m. flutningsstyrkur, aðstoð við að fá húsnæði, hugsanlega að niðurgreiða leigu??? 	<p>Það er ómögulegt að segja hvað þetta myndi kosta en sennilega væri mikilvægt að setja skýrar reglur um hverjir fengju þetta. T.d. Menntaðir leikskólakennarar eða starfsmenn með aðra menntun sem myndi nýtast. Það þyrfti að vera að hámarki einhver upphæð í flutningsstyrk og tími sem niðurgreiðsla á leigu myndi stand</p>				
<ul style="list-style-type: none"> • Vera með skýrari stefnu til þeirra sem leiða samningaviðræður um að kjör leikskólakennara þurfi að bæta. 					
<ul style="list-style-type: none"> • Vera tilbúið til að fylgja eftir frekari þróun skráningadaga. 	<p>T.a.m. ef þarf að loka milli jóla og nýjárs eða í dymbilviku, lengja sumarfrí eða annað slíkt.</p>		<p>Ætti ekki að vera auka kostnaður</p>		